

Nd.

260. Nefndarátt

í málinu um váttrygging og líftrygging sjómanna.

Vjer, sem háttvirt neðri deild Alþingis skipaði í nefnd til að athuga frumvörp þau, er komið hafa fram um þetta efni, höfum haldið með oss nokkra fundi, og höfum komist að þeirri niðurstöðu, að þetta mál sje svo umfangsmikið, að engin tók sje að ráða því til lykta á þessu þingi.

Frumvörp þau, er fyrir liggja, eru svo sundurleit, að engin leið er að sameina þau, með því annað þeirra fer því fram, að iðgjöldin sjeu hækkuð, en útborgun úr váttryggingarsjóði haldist óbreytt. Hitt frumvarpið gengur í gagnstæða átt, með því það vill, að iðgjöldin hækki að miklum mun og útborgun sjóðsins að sama skapi. Það gerir og ráð fyrir, að allir, er sjó stunda, þótt um skamman tíma sje, skuli kaupa líftryggingu fyrir alt árið og að iðgjöld og útborganir sje jafnt hjá öllum. Þetta virðist oss geta valdið misrjetti, en höfum eigi getað, svo stuttan tíma, sem vjer höfum til fundarhalda, komið oss niður á, hvernig slíku yrði haganlegast fyrirkomíð.

Herra Tryggvi Gunnarsson, sem mætti á einum nefndarfundi með oss, skýrði oss frá, að hann hefði fengið brjef úr ýmsum áttum, einkum frá þeim sjómönnum, er sjó sækja á róðrabátum, er lýstu megnri óánægju yfir því, hve há væri iðgjöld þau, er nú eru lögboðin. Þetta virðist benda í þá átt, að þörf sje á sjerstökum lögum handa slíkum mönnum, en naumast mundi þó unt, að fara að óskum þeirra, hvað lækkun iðgjaldsins snertir.

Þar, sem einhver áhugi er fyrir þessu máli, og hann er talsvert almennur meðal hinnar eiginlegu sjómannastjettar, eru menn þeirrar skoðunar, að sjómenn þurfi að leggja á sig mun meiri gjöld enn nú, til þess að váttryggingarsjóðurinn geti greitt eftirlifandi námennum þeirra styrk, sem nokkru verulegu muni.

Þá hefir það og þótt annmarki á hinum gildandi lögum, að líftryggingarskyldan sje eigi nægilega ströng, og því hafi óhæfilega margir menn farist í sjó, án þess að vera líftrygðir.

Enn hefir það og þótt að gildandi lögum, að engin ákvæði eru í þeim um slysaábyrgð, sem þó virðist allnaðsynlegt.

Þá hafa menn fundið það, að gildandi lögum, að úthorgun fjelli til útarfa eftir erfðalögum, þar sem hún að eins ætti að falla til ómegðar hins líftrygða, með því tilgangur laganna væri sá meðfram að ljetta á hreppa- og bæjarfjelögum.

Þá er og óneitanlega nokkur óánægja með það, að útgerðunum sje óþarflega mikið íþyngt með lögum, og það mundi því all-óvinsælt meðal útgerðarmanna, að útborgun þeirra hækkaði að sama skapi sem þeirra sjómanna, er

tryggja líf sitt í sjóðnum. Hinsvegar álitur nefndin, að þeir ættu að leggja drjúgan skerf til slysaábyrgðar, í samræmi við það, sem vinnuveitendur gjöra um allan heim.

Loks hefir því verið hreyft á ýmsum stöðum, að landssjóður ætti að styrkja slíkan ábyrgðarsjóð, eigi að eins með ábyrgð, ef sjóðinn þryti, heldur og með árlegu fjárframlagi.

Af því, sem nú hefir sagt verið, sjest ljóslega, að þetta er of yfirgripsmikið mál til þess, að nokkur von sje til að því verði ráðið til viðunanlegra lykta á þessu þingi, og hefir nefndin því orðið ásátt um, að skjóta málinu til landsstjórnarinnar með tillögu til þingsályktunar, er hún ber fram á sjerstöku þingskjali.

Neðri deild Alþingis 14. ágúst 1912.

Stefán Stefnásson, Eyf.,
formaður.

Matth. Ólafsson,
skrifari og framsögum.

Guðl. Guðmundsson.

Jón Magnússon.

Halldór Steinsson.